



Umhverfis- og samgöngunefnd

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 19. október 2022
Mál nr. 2022010436

Efni: Breyting á skipulagslögum - Ósk um umsögn

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7.10.2022 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 18.10.2022

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál.

Það er mat umhverfis- og skipulagsráðs að með frumvarpinu sé verið að taka skipulags- og framkvæmdarvald af sveitarfélögum hvað varðar málefni flutningskerfi raforku. Skipulags- og framkvæmdavaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga.

Með vísan til ákvæða stjórnáslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

Að auki er þér bent á að teijir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar